

Nd. 615. Tillaga til þingsályktunar [291. mál]
um aðgerðir til eflingar kaupskipaflota Íslendinga.

Flm.: Haraldur Henrysson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fram fara athugun á því, hvað unnt sé að gera til að efla kaupskipaflota Íslendinga. Einkum verði kannaðir möguleikar þess, að Íslendingar eignist hið fyrsta skip til að annast olíuflutninga til landsins.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur orðið töluverð rýrnun í kaupskipaflota landsmanna. Á s. l. 5 árum mun láta nærri, að þessi rýrnun hafi numið 28%, og meðalaldur skipa í íslenska kaupskipaflotanum mun nú vera nálægt 12 árum. Þetta hefur haft það í för með sér, að á undanförunum árum höfum við í æ ríkari mæli þurft að fá erlend leiguskip til að anna flutningum til og frá landinu. Á s. l. ári munu þannig hafa verið greiddar 400—500 milljónir króna í erlendum gjaldeyri fyrir slík erlend leiguskip. Segir það sig sjálft, hve óhagkvæmt slíkt er fyrir þjóðarbúið. Í allnokkur ár höfum við Íslendingar og ekkert skip átt, sem flutt geti eldsneyti til landsins, og höfum við þar verið algerlega háðir erlendum skipum. Verður það að teljast mjög óeðlilegt og að mörgu leyti varhugavert. Rekstur slíks skips á, ef rétt er á haldið, að geta verið hagkvæmur, og víst er, að verkefnin eru næg.

Við hljótum jafnan að keppa að því að vera sjálfum okkur nógir að því er varðar flutninga til landsins og frá, og er það reyndar einn þáttur þeirrar viðleitni að varðveita sjálfstæði þjóðarinnar. Að þessu leyti höfum við ekki haldið vöku okkar nægilega á undanförunum árum, en hljótum nú að stinga við fótum. Hér er lagt til, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á þessum málum, en síðan yrðu á grundvelli hennar gerðar tillögur um aðgerðir til úrbóta.